

# SI

Samtök iðnaðarins

# Kvennabrekkkan



Þróun nemendafjölda og  
brautskráningar í  
framhaldsskóla og háskóla  
undanfarin ár

Samtök iðnaðarins  
febrúar 2008

## Kynjaskipting meðal félagsmanna SI

Tölurnar á þessari síðu eru unnar upp úr félagatali Samtaka iðnaðarins seint á síðasta ári. Þar eru skráð um 1100 fyrirtæki sem eru allt frá því að vera einyrkjar upp í stór fyrirtæki. Samtökin hafa á skrá nöfn framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og starfsmannastjóra. Skráin er uppfærð árlega svo gögnin eru nýleg. Hjá minni fyrirtækjum er það stundum sami aðili sem er skráður sem framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og starfsmannastjóri. Fjármálastjórar og starfsmannastjórar voru eingöngu taldir ef það er eina staðan sem þeir gegna.

### Hlutfall karla og kvenna í stjórnendastöðum meðal fyrirtækja innan SI


<b>Félagsmenn í SI</b>	<b>1118</b>		
Karlar	883	79,0%	Framkvæmdastjórar /einyrkjar
Konur	235	21,0%	Framkvæmdastjórar /einyrkjar
<b>Fjármálastjórar</b>	<b>155</b>		
Karlar	68	43,9%	
Konur	87	56,1%	
<b>Starfsmannastjórar</b>	<b>98</b>		
Karlar	62	63,3%	
Konur	36	36,7%	
<b>Stjórn SI</b>	<b>8</b>		
Karlar	6	75,0%	
Konur	2	25,0%	

### Hlutfall karla og kvenna sem eru framkvæmdastjórar í stærstu fyrirtækjum innan SI

<b>Félagsmenn</b>	<b>500</b>	<b>stærstu</b>	
Karlar	466	93,2%	Framkvæmdastjórar
Konur	34	6,8%	Framkvæmdastjórar
<b>Félagsmenn</b>	<b>600</b>	<b>stærstu</b>	
Karlar	546	91,0%	Framkvæmdastjórar
Konur	54	9,0%	Framkvæmdastjórar

**1.**  
**Brautskráningar frá**  
**framhaldsskóla 1995-2005**

## Raungreina-, iðn- og tæknibrautir 1995-2005




Heimild: Hagstofa Íslands

## Fjöldi brautskráninga í starfsnámi á framhaldsskólastigi eftir námsbraut, prófgráðu, kyni og ári 1995-2005

Mikill munur er á brautskráningu kvenna og karla í raungreina-, iðn- og tæknibrautum framhaldsskóla. Veturinn 2004-2005 brautskráðust um sjöfalt fleiri karlar en konur. Þessi munur krefst útskýringar. Undanfarin ár hefur margt verið gert til að laða fleiri, bæði stúlkur og drengi, að námi við iðn- og tæknibrautir en án teljandi árangurs. Veturinn 2004-2005 brautskrást þó tæplega 50% fleiri konur en árið áður. Athyglisvert verður að fylgjast með hvort þessi fjölgun sé vísbending um vaxandi hlut kvenna í iðn- og tækninámi á næstu árum.

## Stúdentspróf 1995-2005




Heimild: Hagstofa Íslands

## Fjöldi brautskráðra með stúdentspróf eftir námsbraut, tegund stúdentsprófs, kyni og ári 1995-2005

Fleiri konur hafa lokið stúdentsprófi hvert ár þau tíu ár sem hér eru sýnd. Munurinn helst allstöðugur. Árlega eru brautskráðar 40-60% fleiri konur en karlar.

**2.  
Skráðir nemendur á  
háskólastigi eftir  
námsbraut, prófgráðu,  
kyni og ári 1995-2005**

## Háskólanemar alls - heima og erlendis 1977-2006



Heimild: Hagstofa Íslands

### Nemendur, námsbrautir og kyn 1977- 2006, Ísland og erlendis

Íslenskir námsmenn erlendis eru taldir samkvæmt gögnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skipting á námsbrautir fylgir sömu reglu og í Landshögum, árbók Hagstofunnar. Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni, þannig að stundi nemandi nám í tveimur skólum telst hann aðeins í öðrum þeirra. Tölur milli ára eru ekki alltaf samanburðarhæfar þar sem aðferðafræði og þekja nemendaskrár hefur tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Þannig var t.a.m. fyrst farið að safna upplýsingum um nemendur í kvöldskólum og fjarnámi árið 1997. Fyrir 1997 er einungis um nemendur í dagskóla og staðbundnu námi að ræða í þessu gagnasafni. Gögnum frá Háskóla Íslands og Lánasjóði íslenskra námsmanna er fyrst safnað 1977 (Hagstofa Íslands).

Háskólanemum hefur fjölgað geysilega undanfarin þrjátíu ár. Frá 1977 til 2006 fjölgaði þeim alls úr 3.477 í 19.046, eða um 548%. Körlum fjölgaði um 350% en konum um 858%!


Fram til 1987 stunda fleiri karlar háskólanám en konur. Á árabílinu 2000-2003 verður sprenging í aðsókn í háskólanám, sérstaklega hjá konum. Aðsóknin vex áfram 2004-2006 en hægar en árin á undan. Kvinnabrekkann bratta verður til.

Hagstofan varar við því að tölur séu ekki alltaf samanburðarhæfar, m.a. vegna þess að ekki var farið að safna upplýsingum um nemendur í kvöldskólum og í fjarnámi fyrr en 1997 eins og áður segir. Þrátt fyrir þessa fyrirvara er ljóst að mikil umskipti hafa orðið á framboði og eftirspurn eftir námi á háskólastigi hér á landi.

Einnig er vert að hafa í huga að fylgni er ekki einhlít milli nemenda í námi og brautskráningar. Á allra síðustu árum hefja hlutfallslega fleiri háskólanám án þess að ljúka því, a.m.k. á „eðlilegum“ tíma. Nemendur taka staka áfanga á löngum tíma. Áfangarnir eru metnir sem hluti af námsbraut sem fleiri nemendur ljúka seint eða aldrei. Starfsemi háskóla er orðin sveigjanlegri en áður. Nemendur virðast í auknum mæli sækja endurmenntun í reglulegt dagnám í háskóla.


**3.  
Nemendur, námsbrautir og  
kyn við fjórar deildir í HÍ  
2003-2007**

### Skráðir nemendur í lagadeild HÍ 2003-2007



Heimild: Háskóli Íslands


### Skráðir nemendur í viðskipta- og hagfræðideild HÍ 2003-2007




Heimild: Háskóli Íslands



### Skráðir nemendur í verkfræðideild HÍ 2003-2007



### Skráðir nemendur í raunvísindadeild HÍ 2003-2007



Heimild: Háskóli Íslands

Í þremur af fjórum deildum við Háskóla, Íslands sem hér eru skoðaðar, eru konur fleiri en karlar. Aðeins í verkfræðideild eru karlar fleiri en konur.


Í lagadeild fjölga nemendum milli ára. Þar er hlutfall kynjanna jafnast; nánast sami fjöldi karla og kvenna 2005-2006 en svo dregur aftur í sundur með þeim 2007.

Í viðskipta- og hagfræðideild fækkar skráðum nemendum lítillega 2003-2005 en fjölga svo aftur. Fækkun og fjölgun á jafnt við um bæði kyn.

Verkfræðideild sker sig úr. Hér eru karlar um þrisvar sinnum fleiri en konur. Árið 2003 eru skráðar rúmlega 200 konur í verkfræðideild en hátt í 700 karlar. Skráðum körlum fækkar lítillega til 2007, eru þá rúmlega 600, en konum fjölga lítillega.

**4.  
Brautskráningar á  
háskólastigi eftir  
námsbraut, prófgráðu og  
kyni 1995-2005**


## Brautskráningar alls á háskólastigi



Heimild: Hagstofa Íslands

Brautskráning af háskólastigi tæplega tvöfaldaðist árin 1995-2005. Brautskráðum körlum fjölgaði um 62% en konum um 210%. Hér sést hve kvennabrekkan verður brattari um 2001. Um 45% fleiri konur brautskrást 1995-1996 en 2004-2005. Þá eru þær um 90% fleiri en karlar.

## Lögfræði




Heimild: Hagstofa Íslands, prófaskrá

Að jafnaði er kynjajafnræði í brautskráningu í lögfræði. Ívið fleiri konur hafa brautskráðst á síðustu árum.

Í lögfræði hefur brautskráðum fjölgað til muna undanfarin ár. Námið er í boði í fleiri háskólum en áður. Lögfræðingum hefur ekki bara fjölgað vegna þess. Í þessum tölum eru bæði taldir þeir sem ljúka BA gráðu og meistaragráðu, þ.e. náminu hefur verið skipt upp í tvær útskriftir. Áður fyrr voru nær eingöngu taldir þeir sem luku 5 ára kandiðatsprófi en fáir bættu þá við sig meistaragráðu hér á landi.

## Viðskipta- og hagfræði



Heimild: Hagstofa Íslands


Gögnum er safnað frá skólunum um nemendur sem útskrifast úr dagskóla, kvöldskóla eða fjarnámi í lok hvers misseris. Sami nemandi getur útskrifast af fleiri en einni námsbraut á sama ári. Sem dæmi um viðbótarnám að lokinni fyrstu háskólagráðu má nefna nám til kennsluréttinda (Hagstofa Íslands).

Hér eru taldir nemendur sem brautskrást með fyrstu háskólagráðu, meistaragráðu og doktorsgráðu. Hér eru ekki teknir með nemendur sem ljúka viðbótarnámi að lokinni fyrstu háskólagráðu, þeir sem ljúka "prófi á háskólastigi" (diplóma), né iðnmeistaraprófi (talið á háskólastigi).

Helmingi fleiri karlar en konur brautskráðust í viðskipta- og hagfræðigreinum árið 1996. Saman dregur með kynjunum næstu árin og 2001 síga konurnar fram úr. Árið 2005 brautskráðust 318 konur en 242 karlar með lokapróf í viðskipta- og hagfræðigreinum.

Á þessum áratug fjölgaði brautskráðum körlum um 270% en konum um 760%!


## Náttúrufræði og stærðfræði



Heimild: Hagstofa Íslands

Á hverju ári 1995-2005 brautskrást fleiri karlar en konur með próf í náttúrufræði- og stærðfræðigreinum. Í upphafi brautskrást meira en helmingi fleiri karlar en konur en undir lok áratugarins hefur hlutfallslega dregið mikið saman með kynjunum. Þá brautskrást 148 karlar en 119 konur.

## Tæknigreinar - verkfræði



Heimild: Hagstofa Íslands

Konum í tæknigreinum og verkfræði fjölgar hægt framan af áratugnum en eftir 2001 fjölgar til muna konum sem eru brautskráðar í þeim greinum. Árin 1995-1996 brautskrást fjórum sinnum fleiri karlar en konur. Í lok áratugarins brautskrást 148 karlar en 119 konur. Af þeim háskólabrautum, sem hér eru skoðaðar, er mestur munur brautskráningar milli karla og kvenna í tæknigreinum og verkfræði.